

Ef gjaldskyldur aðili telur fyrirséð að velta ársins 2000 vegna mánaðanna júní til og með desember sé lægri en helmingur veltu ársins 1999, sbr. 3. mgr. 10. gr., getur hann óskað eftir lækkun fyrirframgreiðslunnar. Umsóknir um lækkun fyrirframgreiðslu skulu berast skattstjóra eigi síðar en 31. desember 2000. Úrskurður skattstjóra skal kveðinn upp innan 15 daga að jafnaði frá því að beiðni um lækkun barst. Úrskurður skattstjóra er kæránlegur til ríkisskattstjóra sem kveður upp endanlega úrskurð á stjórnsýslustigi.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 15. gr. laga nr. 107/1999, um fjarskipti, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 6. nóvember 2000.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

8. nóvember 2000

Nr. 814

AUGLÝSING

um deiliskipulag á lóð úr landi Hafnar 2 í Leirár- og Melahreppi.

Sveitarstjórn Leirár- og Melahrepps hefur samþykkt deiliskipulag á lóð úr landi Hafnar 2 í Leirár- og Melahreppi. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Leirár- og Melahreppi, 8. nóvember 2000.

Sigurður Valgeirsson oddviti.

2. nóvember 2000

Nr. 815

AUGLÝSING

um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 2/2000 um lofthæfifyrirmæli.

Með vísan til 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000, hefur Flugmálastjórn ákveðið að frá og með 15. nóvember 2000 skulu allir skráðir umráðendur loftfara sem skrásett eru á Íslandi vera áskrifendur að og fylgja lofthæfifyrirmælum (Airworthiness Directives) frá því ríki/ríkjum sem loftfarið er hannað í (State of Design) og eða ríki/ríkjum sem gefa út tegundarskrifteini (State of Type Certificate Holder), með vísan til c-liðar 2. mgr. 20. gr., 2. mgr. 22. gr. og 26. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998.

Undanþegnir áskriftarskyldu lofthæfifyrirmæla eru skráðir umráðendur lítilla loftfara allt að 5700 kg sem notuð eru í einkaflugi.

Ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 2. nóvember 2000.

Porgeir Pálsson flugmálastjóri.